

---

# EINKALEYFA- OG VÖRUMERKJASKRÁ

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími (91) 60 9450

Patent- and Trademark Office — Ministry for Industry — Lindargötu 9 — IS-150 Reykjavík - Iceland

---

Örn Þór, hrl.  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík

Tilv. vor	Dags.
Our ref.	Date
430-89/964	21. maí 1991

## MÁL:

Andmæli Sigurjónsson & Thor h.f., f.h. Fina, Rue de la Science, 1040 Bruxelles, Belgíu.

gegn

skráningu vörumerkisins FÍFA sbr. umsókn nr. 964/1989, frá Erni Þór hrl., í nafni Sápugerðarinnar Frigg, Lynghálsi 1, 210 Garðabæ.

## ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

### Málsatvik:

Hinn 30. nóvember 1989 tilkynnti Örn Þór hrl. til skráningar vörumerkið FÍFA í nafni Sápugerðarinnar Frigg. Umsóknin er nr. 964/1989. Óskað var skráningar í 3. og 16. flokk. Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 20. desember 1989.

Með bréfi dags. 14. febrúar 1990 andmælti Sigurjónsson & Thor h.f., f.h. Fina, skráningu vörumerkisins. Andmælin eru byggð á því að hér séu skráð fimm mismunandi merki, í eigu Fina, sem öll innihalda orðið Fina. Þrjú af merkjunum eru m.a. skráð í 3. flokk. Andmælandi telur að ruglingshætta sé á milli merkjanna þegar litið er á stafsetningu þeirra, sjónlíking sé mikil og nánast enginn munur sé á framburði.

Með bréfi dags. 12. júlí 1990 svarar tilkynnandi andmælunum. Tilkynnandi telur að vörumerkin Fina og Fífa séu ekki svo lík að á þeim verði villst. Tilkynnandi bendir á að allar skráningar andmælanda að einni undanskilinni séu orð- og

myndmerki. Ennfremur bendir tilkynnandi á að skráningar andmælanda sé fyrir tiltekna vörur í 3. flokki, en ekki allan flokkinn.

## **NIÐURSTAÐA:**

Andmæli eru borin fram innan tilskilins frets og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins FÍFA fyrir vörur í 3. flokk skv. umsókn nr. 964/1989. Andmælandi er eigandi vörumerkjanna Fina, skráningar nr. 502/1987, 593/1989, 858/1989, 859/1989 og 982/1989. Vörumerki nr. 502/1987, 858/1989 og 859/1989 eru öll m.a. skráð fyrir vörur í 3. flokki.

Vörumerki andmælanda eru aðeins skráð fyrir tiltekna vörur í 3. flokki, en um er að ræða svo víðtæka skráningu að skilyrði varðandi vörulíkingar er talið uppfyllt, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1968.

Ávallt verður að meta hvort **orð** vörumerkja séu lík þótt annað merkjanna sé orð- og myndmerki. Ruglingshætta getur verið til staðar milli orðmerkis og orð- og myndmerkis ef **orð** er áberandi hluti orð- og myndmerkisins.

Telja verður að í framburði sé greinilegur munur á merkjunum Fina og FÍFA. Stafsetning merkjanna þykir einnig það ólík að ekki sé hætt á að villst verði á þeim.

Þegar litið er á merkin í heild verður ekki séð að ruglingshætta geti verið til staðar skv. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

## **ÞVÍ ÁKVARÐAST:**

Skráning vörumerkisins FÍFA er heimiluð.

Vörumerkjaskrárritarinn,  
e.u.

---

Ásta Valdimarsdóttir

Afrit sent til:  
Sigurjónsson & Thor h.f  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík